

„Tími/lystiskáli.“ Gert í Malmö á sýningunni „Big Scale“ árið 1985. Gert úr léttsteypu. Stærð 15X15 metrar, hæð 4 metrar

Það er nauðsynlegt að gera tilraunir í myndlist

-segir myndlistarkonan Rúrí, sem heldur sýningu á umhverfisverkum á Kjarvalsstöðum

„TÍMI“ er nafn sýningar sem myndlistarkonan Rúrí opnaði í austursal Kjarvalsstaða í gær. Á sýningunni eru tvö umhverfislistaverk, grafískar „dókúmentasjónir,“ ljósmyndir og teikningar. Jafnframt hefur Rúrí látið prenta 40 síðna bók með litmyndum, sem geymir heimildir um

þau verk sem hún hefur verið að vinna að heima og erlendis á undanförunum árum.

Verk Rúríar sem eru til sýnis að Kjarvalsstöðum að þessu sinni hafa öll verið á sýningum erlendis áður, í Malmö, Kaupmannahöfn og Helsinki, en ekkert

þeirra hefur verið sýn hér heima fyrir en nú.

Rúrí er Reykvíkingur, en hefur alið manninn víða. Í æsku var hún flest sumur á vestfjörðum, nánar tiltekið í Mjóafirði. Hún hefur verið búsett úti á landi um tveggja ára skeið og í Hollandi og Kaupmannahöfn hefur hún dvalið við nám og vinnu.

„Ég hóf myndlistarnámið við Myndlista- og handíðaskólann hér heima,“ segir Rúrí. „Eftir það fór ég í járnsmíði í Iðnskólanum í tvö ár, til að afla mér verkþekkingar. Þá var skúlptúrdeldin alveg ný og mjög vanbúin verkfærum og tækjum. Auk þess vann ég með skólanum í málmsteypufyrirtæki.“

Það hefur sýnilega aldrei neitt annað en myndlist komið til greina hjá þer.

„Ég fór í menntaskóla og ákvað á meðan á því námi stóð að leggja fyrir mig listnám. Ég var ákveðin í að fara í höggmyndalist, eða „þrívíða list,“ til dæmis „performans.“ Ég hef verið með um 25–30 „performans,“ á flestum Norðurlöndunum og í Hollandi. Ég tel „performans“ vera „þrívíða“ list, því hann á sér stað í rými.

Ég vann bara í málmsteypunni á meðan ég var í skólanum til að sjá fyrir mér. En ég hef unnið við ótal margt fleira. Allir ungir listamenn verða að vinna fyrir sér á einhvern hátt, allavega fyrstu árin. Það er ákaflega erfitt, því listsköpun

þarfnast næðis og tíma, auk fjármagns til að vinna verkin.


Síðan fór ég til Hollands. Námið þar var mjög opið. Ekki bundið við ákveðna grein. Ég gat þessvegna farið í málverkið, sem ég gerði nú ekki, heldur hélt mér við „þrívíð“ verk. En í Hollandi stofnuðum við Gallerí Lóu, þrjár íslenskir listamenn og einn hollenskur. Það var fyrst í Harlem, rétt utan við Amsterdam, en flutti fljótlega inn í borgina. Það gallerí gekk mjög vel og naut virðingar. Við fengum marga mjög góða myndlistarmenn þangað til að sýna.

Þá var, og hafði verið um langt skeið, mikil ólga í myndlistinni í Evrópu og Holland varð eins konar miðstöð. Þangað komu listamenn frá allri Evrópu og frá Bandaríkjunum. Það má segja að Amsterdam hafi verið suðupotturinn. Það voru mjög margir Íslendingar þar við myndlistarnám. Nú eru þar miklu færri, því það er nú svo að fólk leitar þangað sem ólga er. Sem má segja að séu jákvæð viðbrögð.

Seinna var ég eitt ár í Kaupmannahöfn. Eitt sinn hittumst við nokkrir listamenn í eldhúsinu hjá



„Time Concrete,“ frá sýningu í Helsinki 1986. Steinsteypa. Gert með hliðsjón af byggingu við austurenda götunnar. Stærð: 5X13 metrar, hæð 4.5 metrar



„Rúst.“ Gert á sýningunni „Flyvende beton“ í Kaupmannahöfn 1984. Steinsteypa. Hæð 10X11 metrar, hæð 4 metrar

NÁMSSTEFNA UM SÁLMAFRÆÐI:

Í sálmagerð er mikið pláss fyrir nýsköpun

-segir Hörður Áskelsson, lektor, einn af forsvarsmönnum námsstefnunnar

NÁMSSTEFNA um sálmafræði verður haldin í Reykjavík, dagana 27–29. september. Verður stefnan haldin í Hallgrímskirkju, Norræna húsinu og Háskóla Íslands, en að henni standa guðfræðideild Háskóla Íslands

og endurmenntunarnefnd, Norræna húsið, Prestafélag Íslands, sálmabókanefnd og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.

Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju og lektor við guðfræðideild Háskóla Íslands, er einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar. Ég átti við hann stutt spjall og spurði hann um tilgang þessarar námsstefnu.

„Tilgangurinn er, meðal annars, að koma til móts við brýna þörf fyrir kennslu efni um íslenska sálmasögu og að kynna strauma og stefnur í sálmasöng á Norðurlöndunum,“ svaraði Hörður. „Efnid er mjög umfangsmikið og ekki að ætla að því verði gerð tæmandi skil á þeim tveimur dögum sem námsstefnan nær yfir. Það verður fjallað um efnid í fyrirlestrum fimm íslenskra fyrirlesara og þriggja norskra. Jafnframt verðum við með kynningu á nýjum sálmum, söng og umræðum.“

Upphafsdagskráin er í Hallgrímskirkju í dag klukkan 17.00. Þar mun Módettkór Hallgrímskirkju syngja sálma úr nýju norsku sálma-


bókinni. Við ákváðum að takmarka okkur við þessa norsku bók, vegna þess að þetta er í fyrsta skipti sem við höldum svona námsstefnu og ef við hefðum farið að bjóða fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum, ættum við á hætt að missa umræurnar út í allar áttir. Okkur fannst æskilegra að fá hingað hóp sem gæti undirbúið sig saman og samræmt vinnu sína.

Það er mjög aðgengileg tónlist við sálmana sem við verðum með í Hallgrímskirkju og meiningin er að kenna samkomugestum sálmana, svo allir geti tekið undir.“

Þú talar um kynningu á straumum og stefnum í sálmagerð. Hvað meinarðu með því?

„Í sálmagerð eru með ný lagform sem kalla á annars konar ljóðagerð en verið hefur. Það eru komnir nýir og öðruvísi bragarhættir en við höfum í okkar hefðbundnu sálmabók, sem hefur fjöldann allan af sálmum með sama bragarhætti.“

Ný sálmaskáld eru líka að fíkra sig áfram með nýja bragarhætti



Hörður Áskelsson, organisti og lektor í lithurgískri söngfræði